

Erlendir ferðamenn í Reykjavík 2016



Erlendir ferðamenn í Reykjavík 2016



Stílt upp fyrir tískumyndatöku í Hörpu.

**Samantekt unnin fyrir Höfuðborgarstofu
mars 2017**

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson..

Forsíðumynd: Ferðamenn við sjávarsíðuna í Reykjavík.

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	2
1.1	Könnunin	2
1.2	Úrvinnsla	2
1.3	Markmið og hagnýting	3
2.0	Reynslan af Reykjavík	4
3.0	Afþreying og gæði hennar	6
3.1	Afþreying	6
3.2	Gæði afþreyingar	9
4.0	Mæla með Reykjavík	10
5.0	Skoðað ákveðnar byggingar og svæði í Reykjavík	12

Helstu niðurstöður

- Reynsla erlendra ferðamanna af Reykjavík árið 2016 var mjög jákvæð eins og í fyrri könnunum en þó var ánægjan nokkru minni utan sumartíma en oft áður og einkum á tímabilinu september-desember. Nú töldu 89% sumargesta og 91,5% gesta utan sumartíma reynsluna af Reykjavík hafa verið *frábæra eða góða*. Einungis um 1% gesta töldu hana slæma, en 10% sumargesta og 7,5% gesta utan sumars töldu upplifunina *sæmilega*.
- Spurt var um afþreyingu fólks í Reykjavík árið 2016, alls átta þætti. Auk þess var spurt um skipulagðar dagsferðir frá höfuðborginni. Flestir höfðu farið á veitingahús í Reykjavík árið 2016 (78% að jafnaði) en síðan verslað (59%), farið í dagsferð frá Reykjavík (36%), skoðað söfn/sýningar (36%), farið í sund/heilsubað (31%) eða stundað næturlífið (26%). Færri fóru í skipulagða ferð um Reykjavíkursvæðið (16%), keyptu íslenska hönnun (16%) eða sóttu listviðburði (14%).
- Sund/heilsuþöð í Reykjavík fengu hæstu meðaleinkunnina yfir árið 2016 (8,6) en síðan skipu-lagðar dagsferðir frá Reykjavík (8,5) og listviðburðir (8,2). Þá íslenskar hönnunarvörur (7,8), ferð um Reykjavík (7,8), veitingahús (7,8), söfn/sýningar (7,8) og næturlífið (7,5) en verslanir þá lökustu (6,9).
- 96% þátttakenda utan sumartíma og 94% sumargesta árið 2016 kváðust myndu mæla með Reykjavík við aðra. Eru þær niðurstöður í meðallagi samanborið við fyrri mælingar RRF fyrir Höfuðborgarstofu (2005-2015).
- Af sjö stöðum sem spurt var um hvort fólk hefði skoðað árið 2016 fóru flestir um hafnar-svæðið (73%), Laugavegin (71%) og að Hallgrímskirkju (67%) en síðan í Hörpu (54%), Ráðhúsið (33%) og Perluna (17%). Fæstir lögðu leið sína í Laugardalinn (11%).
 - Samkvæmt því má lauslega áætla að árið 2016 hafi nær 1.250 þúsund erlendir ferðamenn farið eitthvað um hafnar-svæðið, 1.210 þúsund farið um Laugavegin, um 1.140 þúsund skoðað Hallgrímskirkju, 920 þúsund farið í Hörpu, 560 þúsund í Ráðhúsið, 290 þúsund í Perluna og 190 þúsund farið í Laugardalinn.¹

¹ Líklegt má telja að hlutfall þeirra sem fóru í Laugardalinn sé talsvert vanmetið. Sjá nánar neðamálsgrein á bls. 12.

1.0 Inngangur

1.1 Könnunin

Þessi greinargerð byggir á niðurstöðum úr könnun sem *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar* (RRF) framkvæmdi fyrir Höfuðborgarstofu árið 2016. Könnunin var gerð meðal erlendra brottfararfarþega í Leifsstöð sem liður í stærri könnun RRF, *Dear Visitors 2016*. Árið 2016 fengust alls 3.006 gild svör í könnuninni; þar af 937 frá janúar til apríl, 1.353 frá maí til ágúst og 716 frá september til desember. Um 75% af þeim sem fengu könnunina í hendur svöruðu henni.

Þar var m.a. spurt um reynslu ferðamanna af Reykjavík og hvort þeir myndu mæla með Reykjavík við aðra. Einnig var spurt um afþreyingu fólks í borginni og álit á henni. Auk þess var spurt um komur gesta á sjö staði eða svæði í Reykjavík; hafnarsvæðið við miðbæinn, Laugaveg, Laugardal, Hallgrímskirkju, Ráðhúsið, Hörpuna og Perluna.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru þeir ferðamenn sem þátt tóku í könnuninni fyrst skoðaðir sem heild en síðan eftir kyni, aldurshópum, búsetu (markaðssvæðum), ferðamáta (á eigin vegum eða í hópferð), tilgangi ferðar, föruneysi og eftir því hvort þeir höfðu komið áður til Íslands eða ekki.² Jafnframt er skoðaður munur á komum erlendra gesta eftir ársþriðjungum: janúar til apríl, maí til ágúst og september til desember.

Erlendir ferðamenn eru flokkaðir í sex markaðssvæði eftir búsetu. Gestir með búsetu utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu „önnur svæði“.

Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum

<i>Markaðssvæði</i>	<i>Lönd</i>
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð frávíksmörk notuð sem viðmið. Frávíksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli

² Nánari upplýsingar um niðurstöður fyrri kannana RRF fyrir Höfuðborgarstofu á árabílinu 2003-2015 er að finna í alls 17 greinargerðum RRF. Þær ná annars vegar til erlendra ferðamanna í Reykjavík; veturna 2003-2004, 2004-2005, 2005-2006, 2006-2007 og 2007-2008; sumurin 2004, 2005, 2006, 2007 og 2008. Loks fyrir árin 2009, 2010, 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015 skipt eftir ársþriðjungum (jan.-apríl, maí-ágúst, sept.-des.)

nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í þessari samantekt er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi um Leifsstöð árið 2016, en þeir voru um 1.767 þúsund; þar af um 389 þúsund frá janúar til apríl, um 788 þúsund frá maí til ágúst og 590 þúsund frá september til desember.³ Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun – allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1400	1,2	1,6	1,9	2,1	2,3	2,4	2,6	2,6
1600	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,4	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun á töflu 1.2

Dæmi um nýtingu töflunnar: Ef 10% þátttakenda í könnuninni sumarið 2016 (maí-ágúst) stunduðu ákveðna afþreyingu verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 1,6% miðað við 1.400 svör. Ef 40% komu á viðkomandi stað mælist frávikið hins vegar +/- 2,6%. Þessa tölfræði er gott að hafa í huga við lestur greinargerðarinnar og túlkun niðurstaðna.

1.3 Markmið og hagnýting

Markmiðið með þessari greinargerð er að nýta upplýsingar úr könnuninni *Dear Visitors 2016* þannig að Höfuðborgarstofa og aðrir ferðaþjónustuaðilar í Reykjavík geti betur gert sér grein fyrir hegðun erlendra ferðamanna í borginni og áliti þeirra á þjónustu við gesti. Jafnframt má bera þær saman við niðurstöður úr spurningum úr fyrri könnunum RRF fyrir Höfuðborgarstofu árin 2004 til 2015, skv. skýrslum þar um. Allar þessar upplýsingar eiga að geta nýst vel til að bæta enn þjónustu við ferðamenn í höfuðborginni, auðvelda stefnumótun og kynningu eftir mismunandi markhópum gesta.

³. Heimild: Ferðamálastofa, www.ferdamalastofa.is

2.0 Reynslan af Reykjavík



Stytta Ranghildar Stefánsdóttur myndhöggvara af Ingibjörgu H. Bjarnason við inngang Alþingishússins.


Reynsla erlendra ferðamanna af Reykjavík árið 2016 var mjög jákvæð eins og í fyrri könnunum en þó var ánægjan nokkru minni utan sumartíma en oft áður og einkum á tímabilinu september-desember. Nú töldu 89% sumargesta og 91,5% gesta utan sumartíma hana hafa verið *frábæra eða góða*. Einungis um 1% gesta töldu hana slæma, en 10% sumargesta og 7,5% gesta utan sumars töldu upplifunina *sæmilega*.

Til samanburðar má nefna að sumarið 2015 töldu einnig 89% svarenda reynsluna af Reykjavík hafa verið *frábæra eða góða*, 90% sumarið 2014, 91% sumarið 2013, 90% sumarið 2012, 87% sumarið 2011, 88% sumarið 2010 og 92% sumarið 2009.⁴ Utan sumars árið 2015 töldu hins vegar 96% upplifunina af borginni hafa verið *frábæra eða góða* en 4% *sæmilega*. Það eru því vísbendingar um að ánægja ferðamanna með borgina utan sumartíma sé aðeins að dvína.

Mynd 2.1

Reynslan af Reykjavík eftir tímabilum 2016

þeir sem afstöðu tóku



⁴. Einungis um 2% svarenda á þessum þremur tímabilum ársins 2016 tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“.

Árið 2016 var ánægjan með borgina sú sama meðal kvenna og karla og jafnframt var lítill munur á afstöðu fólks til borgarinnar eftir aldurshópum. Talsverður munur var á reynslunni af borginni eftir búsetu svarenda. Mest var ánægjan meðal gesta frá Norðurlöndum og Norður-Ameríku, nokkru minni meðal gesta frá Mið-Evrópu og Suður-Evrópu og umtalsvert minni meðal gesta frá Benelux löndunum. Þeir sem voru einir á ferð eða með vinnufélögum voru talsvert ánægðari með borgina en þeir sem voru með börn í föruneysi sínu.

Í töflu 2.1 má sjá greiningu á hlutfalli þeirra svarenda árið 2016 sem töldu reynsluna af Reykjavík frábæra eða góða. Frá árinu 2015 lækkaði ársmeðaltalið um 2%, úr 92,5% í 90,5%.

Tafla 2.1 Hlutfall þeirra sem töldu reynsluna af Reykjavík vera frábæra eða góða, eftir tímabilum 2016
greint eftir ýmsum grunnbreytum

%	jan-apríl	maí -ágúst	sept-des	Árs- meðaltal
Kona	94	91	87	90,5
Karl	93	87	91	90,5
16-35 ára	92	90	90	90,5
36-55 ára	95	86	88	89,5
> 55 ára	96	89	88	91,0
Norðurlönd	95	90	100	95,0
Mið-Evrópa	90	86	89	88,5
Benelux lönd	83	71	78	77,5
Bretland	94	91	87	90,5
S-Evrópa	96	88	84	89,5
N-Ameríka	95	92	91	92,5
Annað	92	91	88	90,5
Eigin vegum	93	90	89	90,5
Að hluta skipulagt	94	87	92	91,0
Hópferð	96	88	87	90,5
Frí	93	89	89	90,5
Heimsókn	94	90	84	89,5
Viðskipti	100	89	90	93,0
Ráðstefna	100	93	90	94,5
Einn á ferð	96	96	86	92,5
Með maka	94	90	89	91,0
Með vinum	92	91	89	90,5
Með börn	94	84	85	87,5
Aðrir ættingjar	90	84	92	88,5
Með vinnufélögum	100	88	91	93,0
Áður á Íslandi	92	92	89	91,0
Fyrsta skipti	94	88	89	90,5
Meðaltal	94	89	89	90,5


3.0 Afþreying og gæði hennar

3.1 Afþreying

Eins og í fyrri könnunum RRF fyrir Höfuðborgarstofu var spurt um afþreyingu fólks í Reykjavík árið 2016, alls átta þætti. Auk þess var spurt hvort fólk hefði farið í skipulagða dagsferð frá Reykjavík. Flestir höfðu farið á veitingahús í Reykjavík árið 2016 (78% að jafnaði) en síðan verslað (59%), farið í dagsferð frá Reykjavík (36%), skoðað söfn/sýningar (36%), farið í sund/heilsubað (31%) eða stundað næturlífið (26%). Færri fóru í skipulagða ferð um Reykjavíkursvæðið (16%), keyptu íslenska hönnun (16%) eða sóttu listviðburði (14%).⁵

Í sumum tilvikum er umtalsverður munur á afþreyingu gesta eftir árstíðum. Þannig fóru hlutfallslega mun fleiri erlendir ferðamenn í dagsferð frá Reykjavík utan sumars en að sumarlagi. Það skýrist af því að á sumrin fer mikill meirihluti ferðamanna í lengri ferðir víðsvegar um landið og óbyggðir þess, oftast að hluta eða alfarið á eigin vegum. Ferðamenn utan sumars stunda einnig frekar næturlífið en sumargestir og fara frekar í skipulagðar ferðir um borgin. Hins vegar fóru erlendir gestir jafnt og þétt á söfn/sýningar allt árið og jafnframt á veitingahús og versluðu.

Mynd 3.1 Afþreying í Reykjavík eftir tímabilum 2016 og ársmeðaltal



⁵ Árið 2016 var í fyrsta skipti spurt um hvort fólk hefði keypt íslenska hönnun. Hins vegar var ekki spurt hvort svarendur hefðu stundað aðra heilsurækt en sund/heilsuþöð eins og gert var síðustu ár.

Í fyrri könnunum RRF 2004 til 2015 var spurt um flesta af þessum afþreyingarþáttum og tafla 3.1 sýnir samanburðinn. Svo sem sjá má er samræmið býsna gott nema þegar kemur að heimsókn í sundlaugar/spa og heilsurækt.⁶

Tafla 3.1 Samanburður á afþreyingu erlendra ferðamanna í Reykjavík 2004 til 2016

%	Veit-ingast.	Verslað	Ferð úr R.vík	Safn, sýning	Sund, spa	Nætur-lífið	Ferð um R.vík	Kaupa ísl. hönnun	List-viðb.	Strætó	Heilsu-rækt
2004-2005	77	55	42	32	(61)	33	/	/	14	18	21
2005-2006	72	55	/	39		34	/	/	14	/	(46)
2006-2007	76	51	40	32	(69)	35	15	/	14	13	15
2007-2008	72	52	41	31	35	35	19	/	14	14	11
2008 sep-des	73	64	45	36	37	35	19	/	14	18	12
2009 jan-apr	78	56	54	35	38	38	19	/	12	19	9
2009 sep-des	76	48	46	37	29	32	13	/	15	/	8
2010 jan-apr	75	46	48	34	32	35	15	/	13	/	8
2010 sep-des	72	47	43	26	26	41	12	/	12	/	6
2011 jan-apr	73	46	42	27	27	44	11	/	17	/	6
2011 sep-des	74	48	43	28	28	45	12	/	15	/	8
2012 jan-apr	75	51	45	32	31	39	14	/	16	/	7
2012 sep-des	77	52	42	38	26	33	16	/	17	/	8
2013 jan-apr	79	48	45	28	28	28	14	/	11	/	11
2013 sep-des	78	49	41	28	27	34	12	/	12	/	7
2014 jan-apr	85	57	45	30	27	39	13	/	9	/	8
2014 sep-des	83	60	53	32	32	37	17	/	13	/	10
2015 jan-apr	78	50	45	32	31	33	13	/	10	/	7
2015 sep-des	77	55	48	34	22	24	21	/	7	/	7
2016 jan-apr	82	55	46	37	32	26	20	16	7	/	/
2016 sep-des	77	60	36	34	33	34	16	13	15	/	/
sumar 2004	/	54	19	31	30	20	/	/	13	14	17
sumar 2005	65	52	24	34	(50)	24	/	/	17	12	17
sumar 2006	/	59	/	39	/	/	/	/	13	/	/
sumar 2007	68	53	25	37	(48)	18	13	/	13	14	18
sumar 2008	71	60	23	39	32	22	12	/	12	19	7
sumar 2009	70	57	34	40	34	24	15	/	11	/	10
Sumar 2010	68	51	27	36	28	21	9	/	15	/	7
Sumar 2011	71	56	28	37	29	28	13	/	18	/	11
Sumar 2012	77	54	28	38	30	20	17	/	13	/	8
Sumar 2013	75	51	25	35	27	22	9	/	11	/	12
Sumar 2014	72	54	27	39	30	27	9	/	15	/	9
Sumar 2015	75	50	26	35	31	19	13	/	13	/	7
Sumar 2016	77	61	30	36	29	20	13	18	16	/	/

⁶. Sumarið 2008 var í fyrsta skipti að sumarlagi tekið fram að Bláa Lónið ætti ekki að teljast með þegar spurt var um hvort fólk hefði farið í sundlaug/spa í Reykjavík. Við það lækkaði hlutfall þeirra sem fóru í sundlaug/spa verulega frá sumarkönnunum 2005 og 2007. Sumarið 2004 var hins vegar spurt um komu í sundlaugar (swimming pools) en ekki heilsulaugar/spa (geothermal pools/spa). Virðist það staðfesta það að margir sem tóku þátt þessum fyrri könnunum hafa talið ferð í Bláa Lónið með. Af einhverjum ástæðum kemur heilsurækt slakar út frá og með 2008, e.t.v. vegna þess að innan sviga voru ekki nefndar lengri göngur eins og áður var gert. Veturinn 2005-2006 var ekki spurt um sund/heilsuþöð og því er hlutfall þeirra sem þá stunduðu heilsurækt mun hærri en á öðrum tímum.

Tafla 3.2 sýnir afþreyingu fólks árið 2016 eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta, tilgangi ferðar, föruneyti og eftir því hvort það hafði komið áður til Íslands eða ekki.

Tafla 3.2 Afþreying eftir tímabilum 2016: eftir kyni, aldurshópum, búsetu, ferðamáta, tilgangi ferðar, föruneyti og eftir því hvort fólk hafði verið áður á Íslandi eða ekki

1 = janúar-apríl 2 = maí-ágúst 3 = september-desember


%	Veit-ingast.			Verslað			Ferð úr R.vík			Safn, sýning			Sund/spa			Natur-lífið			Ferð um R.vík			Kaupa ísl. hönnun			List-viðburður		
	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3
Kona	82	74	75	57	62	62	48	30	40	38	34	32	29	29	32	26	16	29	24	14	16	20	20	13	8	14	13
Karl	82	80	79	52	60	59	45	30	32	37	38	36	35	29	34	27	24	39	16	12	16	11	15	13	6	18	17
16-35 ára	82	77	77	52	62	57	40	27	34	34	35	36	30	29	33	32	26	38	18	10	15	11	17	12	6	18	15
36-55 ára	84	75	77	63	60	65	55	28	39	39	35	31	33	32	33	24	19	31	21	14	17	24	22	14	8	15	18
> 55 ára	78	79	79	52	60	66	54	41	37	43	40	30	36	25	30	8	5	18	25	20	18	19	15	15	8	13	9
Norðurlönd	78	89	75	62	69	60	41	33	15	36	29	36	39	29	60	18	17	24	15	9	13	24	20	12	15	9	12
Mið-Evrópa	73	65	61	54	71	66	46	25	23	38	34	37	33	23	39	34	14	33	20	15	9	27	18	16	15	23	16
Benelux lönd	74	87	75	32	54	35	31	26	25	57	41	35	25	14	31	15	16	24	17	8	10	15	8	13	6	8	25
Bretland	72	89	82	47	55	56	46	41	50	32	36	29	27	27	25	26	27	28	19	15	18	7	10	5	5	10	11
S-Evrópa	73	75	67	65	49	46	44	23	37	30	34	22	28	40	38	22	20	35	13	16	17	8	26	19	6	15	9
N-Ameríka	87	83	56	63	63	66	49	38	36	43	41	40	36	29	29	29	25	38	23	10	12	10	11	12	5	17	18
Annað	77	71	73	41	60	47	41	34	40	31	36	26	31	28	29	15	26	31	25	14	23	33	26	19	5	14	15
Eigin vegum	83	77	76	55	62	59	42	29	36	37	36	35	33	30	34	27	22	33	16	9	14	15	18	13	7	15	16
Hluti skipul.	77	80	81	63	62	64	54	24	21	38	36	27	32	30	25	23	19	41	27	13	11	26	23	9	9	17	15
Hópfarð	81	73	77	50	54	62	62	43	54	38	34	39	28	20	33	23	12	29	37	40	40	14	13	19	3	18	9
Frí	84	77	78	56	61	60	48	30	37	38	36	35	32	28	32	26	19	33	21	14	16	16	18	13	6	15	15
Heimsókn	78	81	41	52	59	66	26	25	22	31	49	24	28	38	46	33	31	49	3	3	14	10	17	19	22	17	12
Viðskipti	60	91	40	35	33	55	12	13	13	14	10	6	42	35	23	24	8	22	12	0	13	0	0	7	6	19	11
Ráðstefna	57	73	90	10	68	90	15	33	12	17	21	12	26	28	38	21	32	20	0	7	10	14	15	0	0	14	12
Einn á ferð	78	62	65	59	52	60	50	43	45	47	44	42	40	28	43	36	36	46	22	9	18	7	12	11	11	20	22
Með maka	84	80	79	55	62	55	47	29	33	38	36	30	31	26	28	23	13	27	22	14	15	13	17	12	5	16	13
Með vinum	79	77	76	50	61	60	40	26	34	26	29	34	33	31	33	36	36	46	17	16	11	21	19	13	9	15	19
Með börn	78	73	72	52	57	70	47	25	40	51	42	33	37	24	35	9	13	13	16	12	27	21	23	19	7	15	13
Aðrir ættingj	86	74	84	59	70	66	48	36	43	38	36	40	21	25	46	22	22	26	22	17	17	12	15	19	6	16	7
Með félögum	72	75	70	63	37	52	37	42	25	25	27	8	47	19	30	24	21	44	13	12	38	23	19	19	4	19	0
Áður á Ísl.	80	78	74	55	67	50	28	24	28	34	35	24	38	25	45	24	14	32	12	4	13	9	22	13	18	15	24
Fyrsta skipti	82	77	77	55	60	61	48	31	37	37	36	35	31	29	31	26	21	34	21	15	16	17	18	13	6	16	14
Meðaltal	82	77	77	55	61	60	46	30	36	37	36	34	32	29	33	26	20	34	20	13	16	16	18	13	7	16	15

3.2 Gæði afþreyingar

Þátttakendur í *Dear Visitors* 2016 voru eins og í fyrri könnunum beðnir að gefa afþreyingunni sem þeir stunduðu í Reykjavík einkunn á bilinu 1-10.

Sund/heilsuböð í Reykjavík fengu hæstu meðaleinkunnina yfir árið 2016 (8,6) en síðan skipulagðar dagsferðir frá Reykjavík (8,5) og listviðburðir (8,2). Þá íslenskar hönnunarvörur (7,8), ferð um Reykjavík (7,8), veitingahús (7,8), söfn/sýningar (7,8) og næturlífið (7,5) en verslanir þá lökustu (6,9). Mynd 3.2 sýnir meðaleinkunnir allra þessara þátta eftir ársþriðjungum árið 2016 og jafnframt ársmeðaltalið þar til hliðar.

Mynd 3.2 Meðaleinkunn afþreyingar eftir ársþriðjungum og allt árið 2016



Einkunnir veitingahúsa í Reykjavík eru nú farnar að lækka aftur eftir að hafa hækkað jafnt og þétt síðustu árin. Sama má segja um einkunnir verslana sem hækkuðu úr því að vera 6,0-6,5 fyrstu ár mælinga RRF fyrir Höfuðborgarstofu (2004-2007) í um og yfir 7,0 síðustu árin 2013-2015. Líklegast er að hækkandi verðlag og mikil styrking krónunnar gagnvart ýmsum erlendum gjaldmiðlum skýri þessa þróun árið 2016.

Hins vegar má benda á að einkunnir safna og sýninga hafa nær ekkert hækkað á tímabilinu og er það umhugsunarefni. Aftur á móti hafa einkunnir listviðburða hækkað síðustu árin.

4.0 Mæla með Reykjavík



Í minjagripaverslun í Reykjavík.


Af þeim sem afstöðu tóku í *Dear Visitors* könnuninni 2016 sögðust 96% svarenda utan sumartíma og 94% sumargesta ætla að mæla með Reykjavík við aðra.

Til samanburðar má nefna að 97% erlendra gesta sem tóku þátt í könnuninni utan sumartíma árið 2015 ætluðu að mæla með Reykjavík við aðra, 98,5% erlendra gesta utan sumars árin 2013 og 2014 en 96-97% gesta utan sumars árin 2009, 2010, 2011 og 2012. Veturinn 2005-2006 kváðust 96% ætla að mæla með Reykjavík og 95% veturna 2006-2007 og 2007-2008. Niðurstaðan nú utan sumars er því í slöku meðallagi.

Sumrin 2006, 2007 og 2008 ætluðu 90% þeirra sem afstöðu tóku að mæla með Reykjavík við aðra, 92% sumarið 2010, 93% sumarið 2012, 94% sumrin 2009 og 2011, 96% sumarið 2013, 94% sumarið 2014 og 92% sumarið 2015. Niðurstaðan sumarið 2016 er því í betri kantinum miðað við fyrri mælingar.

Mynd 4.1

Mæla með Reykjavík við aðra ⁷ þeir sem afstöðu tóku 2016



⁷. 7-8% svarenda tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við „veit ekki“. Óvenjuhátt hlutfall gesta í september-deember ætlaði ekki að mæla með Reykjavík miðað við fyrri mælingar.

Munurinn eftir árstíðum skýrist líklega helst af því að erlendir sumargestir sækja fremur út á landsbyggðina en vetrargestir koma í meira mæli til að kynnast og upplifa Reykjavík og nágrenni.

Konur ætla nokkru fremur en karlar að mæla með borginni við aðra. Gestir frá Bretlandi, Norður-Ameríku og Norðurlöndunum ætluðu helst að mæla með Reykjavík en síst ferðamenn frá Benelux löndunum.

Tafla 4.1 Mæla með Reykjavík við aðra - greint eftir ýmsum grunnbreytum

þeir sem afstöðu tóku 2016


%	jan-apríl	maí -ágúst	sept-des	Meðaltal
Kona	99	95	94	95,5
Karl	99	92	94	94,0
16-35 ára	98	94	95	95,0
36-55 ára	99	93	94	94,5
> 55 ára	100	96	90	95,0
Norðurlönd	99	94	98	96,5
Mið-Evrópa	98	95	86	92,5
Benelux lönd	92	88	89	89,5
Bretland	99	100	95	98,0
S-Evrópa	98	89	89	91,5
N-Ameríka	99	96	97	97,0
Annað	99	93	93	94,5
Eigin vegum	98	93	94	94,5
Að hluta skipulagt	99	95	99	96,5
Hópfarð	99	98	89	95,0
Frí	98	94	94	95,0
Heimsókn	100	92	100	96,5
Viðskipti	100	100	90	96,5
Ráðstefna	100	95	90	94,5
Einn á ferð	99	99	94	96,0
Með maka	99	94	94	95,0
Með vinum	98	95	94	95,5
Með börn	100	90	92	93,0
Aðrir ættingjar	98	97	95	96,5
Með vinnufélögum	100	100	100	100,0
Áður á Íslandi	99	95	93	95,0
Fyrsta skipti	99	94	94	95,0
Meðaltal	99	94	94	95,0

5.0 Skoðað ákveðnar byggingar og svæði í Reykjavík

Frá júní 2015 hafa ferðamenn í Dear Visitors könnun RRF verið spurðir hvort þeir hafi skoðað/heimsótt sjö byggingar eða svæði í Reykjavík.

Árið 2016 er niðurstaðan sú að flestir fóru um hafnarsvæðið (73%), Laugavegin (71%) og að Hallgrímskirkju (67%) en síðan í Hörpu (54%), Ráðhúsið (33%) og Perluna (17%). Fæstir lögðu leið sína í Laugardalinn (11%).⁸

Mynd 5.1 Skoðað ákveðnar byggingar og svæði í Reykjavík 2016



Samkvæmt þessu má lauslega áætla að árið 2016 hafi nær 1.250 þúsund erlendir ferðamenn farið eitthvað um hafnarsvæðið, 1.210 þúsund farið um Laugavegin, um 1.140 þúsund skoðað Hallgrímskirkju, 920 þúsund farið í Hörpu, 560 þúsund í Ráðhúsið, 290 þúsund í Perluna og 190 þúsund farið í Laugardalinn.⁹

Þetta eru um flest svipaðar niðurstöður og árið 2015. Þó var Laugavegur naumlega mest sóttur þá, Harpa talsvert minna sótt en árið 2016 núna árið en Perlan meira.

⁸ Líklegt má telja að hlutfall þeirra sem fóru í Laugardalinn sé töluvert vanmetið í ljósi þess að 31% erlendra ferðamanna söguðust hafa farið í sund í Reykjavík, sbr. mynd 3.2. Þar er Laugardalslaugin vinsælust. Því er líklegt að ýmsir sem í hana fóru hafi ekki áttað sig á því að laugin er í Laugardalnum.

⁹ Hér er áætlað út frá alls um 1.700 þúsund erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju, eða 95% þeirra útlendinga sem samkvæmt talningum komu til landsins árið 2016 (um 1.767 þúsund með flugi á Leifstöð, 16 þúsund með Norrænu og 12 þúsund um aðra flugvelli). Til að forðast ofátælanir er gert ráð fyrir að 5% hafi komið til að vinna á Íslandi.